

Framboð til kirkjuþings

Steinunn Leifsdóttir

2. kjördæmi

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Ég er fædd 1979 og uppalin í Laugarneshverfinu þar sem ég ólst upp við að fara í sunnudagaskólann, fór í sumarþúðir KFUM og K, tók þátt í starfi í Kristilegra skólasamtaka og svo Kristilegs stúdentafélags. Á meðan ég stundaði háskólanám og eftir það, sinnti ég sunnudagaskólastarfi í Langholtskirkju og svo í Breiðholtskirkju þar sem ég hef starfað síðan. Sit núna í sóknarnefnd. Kristilegt starf hefur því alla tíð verið stór hluti af mínu lífi og hefur því haft mótandi áhrif á mig sem einstakling og móður. Ég tel mig líka hafa góða innsýn í starf kirkjunnar og mikilvægi hennar.



Ég er íþróttakennari með M.Sc gráðu í íþróttá- og heilsufræðum frá HÍ. Ég hef alltaf sinnt hreyfingu og þjálfun eldri borgara. Starfa núna á Sóltúni Heilsusetri þar sem áherslan er á þjálfun eldra fólks sem býr ennþá heima. Önnur vinna er fararstjórn og leiðsögn fyrir Ferðafélag Íslands. Ég hef umsjón með gönguhóp á veturna og svo tek ég að mér nokkrar sumarleyfisferðir á sumrin. Ég brenn því fyrir náttúruvernd, hreyfingu og kristilegu starfi.

Það eru alls konar áskoranir sem kirkjan þarf að takast á við og ein þeirra eru sóknargjöldin. Við þurfum að vinna að því að bæta ímynd kirkjunnar og fjölga þeim sem greiða sóknargjöld. Til þess að það geti orðið þarf kirkjan að verða stærri hluti af samfélaginu. Hún þarf að vaxa og dafna með fólkinu og höfða meira til yngra fólks um leið og gömlu hefðirnar mega alls ekki hverfa. Tónlistarlíf, lofgjörð og bænahald er gríðarlega mikilvægt í nútíma samfélagi. Kirkjan á að vera staður þar sem fólki líður vel og öll eru velkomin á þeim stað sem fólkið er hverju sinni.